



Samkeppnisréttur – samráðsreglur og sjálfbærni

Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður

Málþing SÍ og LL - sjálfbærnivegferð lífeyrissjóða

LOGOS

- Af hverju samkeppnisreglur?
 - Hvað er samráð og hvenær er það ólöglegt?
 - Lóðrétt og lárétt samráð
 - Eru skilyrði fyrir undanþágu uppfyllt?
 - Hlíting við reglur (e. compliance) tengist sjálfbærni
- Sjálfbærni – tækifæri og takmarkanir
- Hvar mætast sjónarmið um samráð og bann við ólöglegu samráði?
- Hvað má eða öllu heldur hvað má ekki?

Samkeppnislög

- Markmið laganna er að „*efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluáætta þjóðfélagsins*“.
- Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum
- Starfsemi lífeyrissjóða fellur einnig undir lögin, að öðrum skilyrðum uppfylltum
- Þegar kemur að fjárfestingum lífeyrissjóða, þá skiptir máli að gætt sé að samkeppnisreglum í starfsemi fyrirtækja



10. gr. samkeppnislaga

„Allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þeir eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar.“

10. gr. samkeppnislaga

- Meginreglan er sú að aldrei á að eiga samskipti við samkeppnisaðila
 - Ef nauðsyn er á samskiptum þá skiptir máli hvaða starfsmaður er í samskiptum
 - Aldrei skal miðla upplýsingum til keppinauta um trúnaðarupplýsingar
 - Allt sem viðkemur verðlagningu, skiptingu markaða eða sértækum aðgerðum gegn aðilum á markaði er sérstaklega varasamt

Verðlagning

Skipting markaða

Upplýsingaskipti

Sértækar aðgerðir gegn aðilum á markaði

10. gr. samkeppnislaga

Upplýsingaskipti

Viðskiptaupplýsingar

Gildandi upplýsingar
eða framtíðaráform

Hverjir fá aðgang?
Er um opinberar
upplýsingar að ræða?

Tíðni upplýsingaskipta

Meginreglan: **Aldrei hafa samskipti við keppinauta**



10. gr. samkeppnislaga

- Hvað ef það þarf að eiga viðskipti við samkeppnisaðila?
 - Fara varlega í slíkum aðstæðum
 - Öll viðskipti þurfa að fara fram á eðlilegum viðskiptalegum forsendum þegar um samkeppnisaðila er að ræða
 - Halda upplýsingagjöf í lágmarki



10. gr. samkeppnislaga

- 12. gr. samkeppnislaga fjallar um samtök fyrirtækja
 - Sérstaklega varhugavert að eiga samskipti um ótengd mál á þeim vettvangi
- Lóðrétt samstarf – milli keppinauta
- Lárétt samstarf – milli sölustiga

10. gr. samkeppnislaga - 15. gr. samkeppnislaga

- Á grundvelli 15. gr. getur samstarf verið heimilt og falið í sér undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga
- Fyrirtæki þurfa sjálf að meta hvort þau telja að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt - sjálfsmat
- Skilyrði:
 - Stuðli að bættri framleiðslu/dreifingu/þjónustu
 - Veiti neytendum hlutdeild í ávinningi
 - Leggi ekki óþarfa höft á fyrirtæki
 - Gefi fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni

10. gr. samkeppnislaga - 15. gr. samkeppnislaga frh.

- Sjálfbærni og sjónarmið um ólögðmætt samráð
- Auknar kröfur varðandi sjálfbærni:
 - Má eiga í samskiptum eða skiptast á upplýsingum ef sjálfbærnimarkmið eru til grundvallar?
 - Meta hvort skilyrðin fjögur eru uppfyllt



Lögmannsþjónusta síðan 1907

LOGOS